



Keflavíkurlflugvöllur
— farþegaspá 2017



Farþegaspá Keflavíkurlugvallar 2017

- Mikil fjölgun farþega yfir vetrarmánuði skapar betri nýtingu innviða flugvallarins og ferðaþjónustunnar í heild.
- Umferð innan sólarhrings verður dreifðari en áður hefur verið.
- Stórframkvæmdir í undirbúningi á flugvöllum.

Isavia vinnur farþegaspá fyrir Keflavíkurlugvöll í lok árs. Spáin er unnin út frá upplýsingum um afgreiðslutíma sem flugfélög hafa tryggt sér auk þess sem mjög gott samstarf er við helstu félögin um upplýsingar um vænt sætaframboð. Farþegaspá fyrir árið 2017 sýnir að áframhald verður á þeim mikla og jákvæða vexti í farþegafjölda um flugvöllinn og á það bæði við um farþega til og frá landinu auk skiptifarþega sem einungis millilenda hér á leið sinni yfir Atlantshafið. Þó er fjölgun skiptifarþega ívið meiri en komu- og brottfararfarþega. Ánægjulegustu teiknin sem sjást í spánni eru þau að það áttak sem ferðaþjónustan í heild hefur farið í við að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímann hefur skilað miklum árangri. Isavia hefur lagt sitt af mörkum þar með hvatakerfi sem veitir flugfélögum sem hefja nýjar heilsársflugleiðir afslátt af landingargjöldum. Með þessari dreifingu yfir árið fæst mun betri nýting á innviðum og á það jafnt við um Keflavíkurlugvöll og alla aðra innviði, hvort sem um vegi, gistirými eða hverja aðra þjónustu er að ræða. Að auki hefur Isavia náð að dreifa umferð mun betur yfir sólarhringinn, en með því fæst enn betri nýting mannvirkjanna á Keflavíkurlugvelli. Þessi aukna nýting á mannvirkjum skiptir sköpum, því þótt framkvæmt hafi verið fyrir tugi milljarða undanfarin ár

á Keflavíkurlugvelli þarf meira til og nú eru stórframkvæmdir í undirbúningi á flugvöllum. Nokkur ár munu líða áður en þær miklu stækkanir sem unnið er að verða teknar að fullu í notkun og því er ljóst að frekari aukning mun ekki verða á mestu álagstímum sólarhringsins. Það er að sjálfsögðu einnig mjög skynsamlegt fyrir rekstur Keflavíkurlugvallar að dreifa umferðinni betur yfir árið og sólarhringinn, því með betri nýtingu núverandi mannvirkja aukast tekjur af starfsemi, sem nýtast beint til uppbyggingar flugvallarins.


Við vinnslu farþegaspár fyrir Keflavíkurlugvöll fyrir árið 2017 var stuðst við eftirfarandi aðferðafræði:

Samstarf — haft var samband við notendur Keflavíkurlugvallar til að fá upplýsingar um vænt sætaframboð.

Upplýsingaöflun — þekking og reynsla Isavia nýtt til umbóta á fyrstu drögum.

Staðreyndir — stuðst við bókunarupplýsingar flugfélaga og upplýsingar úr flugupplýsingakerfinu Axis til að fínstilla spána.

Farpegafjöldi 2016




Fjöldi farpega um Keflavíkurflugvöll á fyrstu 10 mánuðum ársins 2016 er 0,2% umfram það sem farpegaspá félagsins í febrúar gerði ráð fyrir. Brottfarar- og komufarþegar eru 0,9% fleiri en spá gerði ráð fyrir, eða sem nemur 35 þúsund farþegum og skiptifarþegar eru 1,3% frá spá eða sem nemur 25 þúsund farþegum.

Árið 2016 mun enda í 6.816 þúsund farþegum ef ný spá fyrir nóvember og desember stenst. Það er aukning um 40,3% eða sem nemur 1.958 þúsund farþegum frá fyrra ári.







Íslenskir farþegar

Samkvæmt talningu Ferðamálastofu á brottfararfarþegum frá Keflavíkurflugvelli hefur ferðum Íslendinga fjölgað um 17,9% á fyrstu 10 mánuðum ársins 2016 ef borið er saman við árið 2015, úr 381 þúsund í 450 þúsund 2016. Ef ferðamannspá sem var gerð fyrir nóvember og desember stenst mun heildarfjöldi íslenskra ferðamanna enda í 524 þúsund eða aukning um 16,4%. Er það mesti fjöldi Íslendinga sem ferðast hefur í gegnum Keflavíkurflugvöll frá upphafi. Áður var það árið 2007 sem mesti fjöldi Íslendinga ferðaðist í gegnum flugvöllinn eða 470 þúsund.

Miðað við þessar forsendur þá mun hlutfall Íslendinga af heildarfjölda brottfararfarþega verða 22,6%. Til samanburðar var þetta hlutfall 35,6% árið 2012.


Í farþegaspá fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir 7,4% aukningu íslenskra ferðamanna milli ára en þær tölur eru byggðar á upplýsingum sem fengnar hafa verið frá stærstu notendum Keflavíkurflugvallar. Gangi sú spá eftir mun heildarfjöldi íslenskra brottfararfarþega verða um 563 þúsund, eða sem nemur 20,1% af heildarfjöldanum.

Erlendir farþegar

Samkvæmt talningu Ferðamálastofu á brottfararfarþegum frá Keflavíkurflugvelli hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um 36,2% á fyrstu 10 mánuðum ársins 2016 ef borið er saman við árið 2015, úr 1.109 þúsund í 1.511 þúsund 2016. Ef ferðamannspá sem var gerð fyrir nóvember og desember stenst mun heildarfjöldi erlendra ferðamanna enda í 1.797 þúsund eða aukning um 42,4%.

Miðað við þessar forsendur þá mun hlutfall erlendra ferðamanna af heildarfjölda brottfararfarþega verða 77,4%. Til samanburðar var þetta hlutfall 64,4% árið 2012.

Ekkert lát virðist vera á áhuga erlendra gesta á að koma til landsins og er aukið sætaframboð flugfélaganna ein stærsta forsendan fyrir fjölgun ferðamanna til landsins. Í farþegaspá fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir 24,7% fjölgun erlendra ferðamanna milli ára. Gangi sú spá eftir mun heildarfjöldi erlendra brottfararfarþega verða um 2.241 þúsund, eða sem nemur 79,9% af heildarfjöldanum.



Þegar þjóðerni farþega eru skoðuð á fyrstu 10 mánuðum ársins 2016 kemur í ljós að 23,8% erlendra ferðamanna kemur frá Bandaríkjunum og 16,3% frá Bretlandi. Þessi hópur heldur áfram að stækka en 50,5% samanlögð aukning hefur verið frá fyrra ári eða sem nemur 204 þúsund farþegum.

Gestir frá Norðurlöndunum halda áfram að vera áberandi en þeir eru 10,6% af heildarfjöldanum eða um 160 þúsund farþegum. Hlutfall þeirra hefur þó lækkað á milli ára en á sama tíma árið 2012 var hlutfall Norðurlandabúa 21,9% af heildinni. Aukning frá fyrra ári frá löndunum fjórum var á fyrstu 10 mánuðum ársins 9,6% eða sem nemur um 14 þúsund farþegum. Munar þar helst um mikla aukningu frá Finnlandi og Svíþjóð.

Eins og staðan er í dag þá eru þjóðerni frá 17 ríkjum skráð við brottför. Af þessum 17 ríkjum hefur öllum nema tveimur fjölgað um meira en 20%. Farþegar sem falla ekki undir þessi 17 tilteknu þjóðerni skrást í flokk sem kallast Önnur þjóðerni. Hluttur farþega sem flokkast undir Önnur þjóðerni er þriðji

stærsti flokkurinn á eftir Bandaríkjunum og Bretlandi en 15,6% farþega eru skráðir undir þennan flokk. Á sama tíma árið 2012 var þessi hópur 12,8% af heildinni. Þessi hópur farþega er búinn að stækka um 35% frá fyrra ári ef miðað er við sama tímabil frá fyrra ári.

Skiptifarþegar

Skiptifarþegum, það eru þeir farþegar sem millilenda á Keflavíkurflugvelli til að halda áfram för, hefur fjölgað um 44,8% á fyrstu 10 mánuðum ársins í samanburði við fyrra ár, úr 1.299 þúsund í 1.880 þúsund. Spá gerði ráð fyrir 1.905 þúsund skiptifarþegum á fyrstu 10 mánuðum ársins 2016 og er því 1,3% frá spá, eða sem nemur 25 þúsund farþegum.

Áform flugrekenda

Icelandair munu samkvæmt tilkynningu bæta við tveimur vélum að gerðinni Boeing 767 við flota sinn á árinu 2017 og bætast við tveir nýir áfangastaðir, Philadelphia og Tampa. Ásamt þessu verður tíðni aukning á núverandi áfangastaði.

WOW air hafa tilkynnt að fimm vélar bætist við flotann á næsta ári sem telur þá 17 vélar. Nýir áfangastaðir verða Miami, Pittsburgh, Cork og Brussel auk þess sem að félagið bætti New York EWR við áætlun sína í nóvember 2016.

Finnair munu hefja flug frá Helsinki fjórum sinnum í viku í apríl en með Finnair munu koma mikið af farþegum frá Asíu. Helsinki tengir saman Asíu og Evrópu, á svipaðan hátt og Keflavíkurlugvöllur tengir saman Norður-Ameríku og Evrópu.

Wizz Air munu bæta við sínum fimmta áfangastað til Íslands. Vilnius byrjaði í október 2016 og Katowice í Póllandi mun bætast við í lok mars 2017. Báðir þessir áfangastaðir verða heilsárs.

Air Berlin hafa gengið í gegnum miklar breytingar á síðustu vikum þar sem

flugflotinn hefur minnkað um næstum því helming, úr 140 vélum í 75 vélar. Þessi breyting mun ekki hafa mikil áhrif á Keflavíkurlugvöll. Þó mun Hamburg detta út úr leiðarkerfi Air Berlin til Íslands.

Delta flýgur í fyrsta sinn allt árið um kring og er flogið fjórum sinnum í viku. Flugið hefur fengið góðar viðtökur. Í maí mun félagið fjölga flugunum upp í átta sinnum í viku til New York, JFK ásamt því að hefja aftur flug til Minneapolis.

Norwegian byrjaði fyrir skömmu að fljúga til Barcelona, Madrid og London Gatwick. Ekki er komið á hreint hvort eitthvað af þessum áfangastöðum haldi áfram inn í sumarið en áfram verður flogið til Oslo og Bergen.

Önnur heilsársflugfélög eru easyJet, SAS, British Airways, Flugfélag Íslands og Vueling. Gert er ráð fyrir hóflegri aukningu hjá flestum þessara félaga.

Önnur flugfélög verða með svipaðar áætlanir á milli ára.



Fyrirvarar

Farþegaspá fyrir Keflavíkurflugvöll árið 2017 byggir á greiningum og mati á þáttum er hafa áhrif á eftirspurn farþega eftir flugi til og frá Keflavíkurflugvelli sem og áætluðu framboði flugfélaganna fyrir komandi ár.

Forsendur sem lagðar eru til grundvallar spánni geta breyst með tiltölulega skömmum fyrirvara og því ber að taka farþegaspánni með þeim fyrirvara að núverandi spár flugfélaga standist.

Óheimilt er að birta innihald farþegaspárinnar að hluta eða í heild sinni án samþykkis Isavia.

Viðauki 1

	Raun												Farþegaspá 2016		
	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals		
Brottför	109.646	132.069	159.154	137.407	170.868	245.619	285.159	288.094	227.892	208.080	178.178	181.482	2.323.648		
Koma	100.710	136.002	162.666	135.325	184.854	258.295	300.290	278.298	207.307	204.136	180.682	188.336	2.336.901		
Skípti	80.141	56.309	80.962	109.861	181.295	259.565	314.907	328.143	266.114	202.886	128.598	147.655	2.156.435		
Samtals	290.497	324.380	402.782	382.593	537.017	763.479	900.356	894.535	701.313	615.102	487.458	517.473	6.816.984		
Aukning	25,8%	40,8%	42,5%	28,3%	34,4%	34,2%	35,9%	35,4%	43,9%	49,1%	55,0%	67,0%	40,3%		

Rauntölur fyrir Keflavíkurflugvöll janúar-október 2016 og spá fyrir nóvember-december 2016.

	Farþegaspá 2017												
	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals
Brottför	177.473	180.490	203.032	190.540	211.639	275.841	320.371	318.623	267.228	248.478	205.429	204.342	2.803.487
Koma	166.676	186.297	207.174	191.290	228.608	288.308	333.820	310.058	254.751	247.560	204.220	225.292	2.844.052
Skípti	161.556	129.841	162.339	218.590	283.688	352.314	405.314	417.812	340.383	249.239	186.760	193.502	3.101.336
Samtals	505.705	496.628	572.545	600.420	723.934	916.463	1.059.505	1.046.493	862.361	745.276	596.409	623.137	8.748.875
Aukning	74,1%	53,1%	42,1%	56,9%	34,8%	20,0%	17,7%	17,0%	23,0%	21,2%	22,4%	20,4%	28,3%

Farþegaspá 2017 niður á mánuði

Íslenskir farþegar

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals
2016 raun og spá	30.036	28.878	40.336	38.876	46.736	67.075	55.501	44.226	48.089	50.080	38.007	36.204	524.044
2017 spá	32.844	30.586	40.657	45.873	51.180	61.196	60.613	49.229	57.376	53.128	41.608	38.509	562.799
Breyting	9,3%	5,9%	0,8%	18,0%	9,5%	-8,8%	9,2%	11,3%	19,3%	6,1%	9,5%	6,4%	7,4%

Erlendir farþegar

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals
2016 raun og spá	77.559	100.742	115.808	94.875	124.249	186.538	236.016	241.559	175.335	158.542	140.171	145.278	1.796.672
2017 spá	144.630	149.905	162.375	144.667	160.458	214.645	259.758	269.394	209.852	195.349	163.821	165.833	2.240.688
Breyting	86,5%	48,8%	40,2%	52,5%	29,1%	15,1%	10,1%	11,5%	19,7%	23,2%	16,9%	14,1%	24,7%

Spá 2017 niður á Íslenska og erlenda brottfarfarþega niður á mánuði

